

Atlastaðir sumarhúsafélag
Bakkavegur 4
Hnífsdalur

Reykjavík, 29. september 2023
UST202309-074/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Atlastaðir sumarhúsafélag, dagsett 7. september 2023, um leyfi til framkvæmda innan Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 332/1985](#). Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að lagfæra slóða sem liggur frá lendingaraðstöðu fyrir báta við slysavarnarskýlið að Atlastöðum í Fljótavík. Jafnframt er óskað eftir leyfi til að byggja brú yfir Krossalæk. Gert er ráð fyrir að setja plastgrindur í sárið, bæta sandi í hjólförin þar sem þess gerist þörf þannig að slóðinn verði í sömu hæð og jarðvegurinn í kring. Með tímanum ætti gróðurinn í kring að taka yfir. Grindurnar verða svokallaðar Ecoraster jarðvegsgrindur eða sambærilegt. Sexhjól verða notuð við að flytja grindurnar og sand á framkvæmdarsvæðinu. Sandur verður tekin úr fjörunni ef þess þarf. Heildarlengd slóðans er 1,4 km og áætlað verkið muni taka 3 ár. Brúin verður um 1,5 m á breidd, smíðuð úr stálbitum og timburdekki. Ekki er komin endanleg hönnun á brúna en reynt verður að hafa hana eins lítið áberandi og mögulegt er og fella hana að jarðvegi þó þannig að hún verði ekki fyrir tjóni í leysingum. Árið 2018 sótti félagið um leyfi til að byggja stoðvegg í fjöruborðinu við slysavarnarskýlið. Í umsóknarferlinu óskaði Umhverfisstofnun eftir því að veggurinn yrði lækkaður þannig að hann yrði ekki eins áberandi í landslaginu, það var gert. Nú hins vegar komið í ljós að sjór og grjót gengur yfir vegginn sem veldur því að þar sem bátalagið á að vera er oft á tíðum fullt af grjóti. Þess vegna er óskað eftir því að fá að bæta ofan á vegginn 40 cm.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur lagfæringu slóða með plastgrindum og byggingu göngubrúar yfir Krossalæk ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á náttúru og verndargildi svæðisins. Stofnunin metur verkefnið til þess fallið að draga úr gróðurskemmdum og stýra umferð. Til lengri tíma mun framkvæmdin auka verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að veggurinn við lendinguna sé óneitanlega lýti á ósnortinni strönd Fljótavíkur, þá hefur hann sannað gildi sitt. Enda illa lendandi á svæðinu í norðlægum áttum. Það hefur sýnt sig að veggurinn er of lár, enda fyllist lendingin ár hvert af grjóti. Horfa verður hér til öryggis gesta svæðisins og veita leyfi fyrir hækkun veggjarins af öryggisástæðum, þrátt fyrir að það sé ekki til þess fallið að auka verndargildi.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Atlastaðir sumarhúsafélag fyrir sitt leyti leyfi til framkvæmda innan Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan 1. júní 2024 – 31. september 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka sexhjóli að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Kristín Ósk Jónasdóttir
teymsstjóri